

Álagning fasteignagjalda 2018

Álagning fasteignagjalda í Fjarðabyggð er sem hér segir:

Fasteignaskattur A verði 0,50 %¹ af húsmati og lóðarhlutamati.
Fasteignaskattur B verði 1,32 %² af húsmati og lóðarhlutamati.
Fasteignaskattur C verði 1,65 %³ af húsmati og lóðarhlutamati.
Lóðarleiga íbúðarhúsnæðis verði 0,70 % af lóðarhlutamati.
Lóðarleiga atvinnuhúsnæðis verði 3,00% af lóðarhlutamati.
Vatnsgjald verði 0,258 % af húsmati.
Holræsagjald verði 0,343 % af húsmati.
Sorprehinsunargjald verði 28.828 kr. á heimili.
Sorpeyðingargjald verði 13.682 kr. á heimili.

Fjöldi gjalddaga verði átta – mánaðarlega frá 1. febrúar. Eindagi fasteignagjalda er síðasti virki dagur gjalddagamánaðar

¹⁾ Íbúðarhúsnæði og eignir skv. 2.gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005 sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.
²⁾ Sjúkrastofnanir og eignir skv. 3.gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005 sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.
³⁾ Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði skv. 4.gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005 sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995

Reglur um afslátt af fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega árið 2018

1.gr.

Tekjulágum ellilífeyrisþegum, 67 ára og eldri sem og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Fjarðabyggð er veittur afsláttur af fasteignaskatti, samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Fjarðabyggðar ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4.mgr. 5 gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Niðurfelling fasteignaskatts skal vera tekjutengd og miðuð við árstekjur 2017 samanber álagningu skattstjóra 2018 og er sem hér segir:

a) Einstaklingar:	Brúttótekjur allt að kr. 3.416.095	100 % afsláttur
	Brúttótekjur yfir kr	4.517.707 0 % afsláttur
b) Hjón og samskattað		
sambýlisfólk:	Brúttótekjur allt að kr. 5.188.613	100 % afsláttur
	Brúttótekjur yfir kr	6.201.088 0 % afsláttur

Afsláttur af fasteignaskatti er tekjutengdur og er allt að kr. 62.517.-. Afsláttur er hlutfallslegur og reiknaður af fasteignaskatti viðkomandi eignar. Tekið er tillit til allra skattskyldra tekna, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekna síðastliðins árs skv. skattframtali. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

2.gr.

Niðurfelling á fasteignaskatti miðast við þá grunnforsendu að elli- og örorkulifeyrisþegar eigi og búi í því húsnæði sem afslátturinn er veittur af. Ef um fleiri en einn íbúðareiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði um afslátt er veittur afsláttur skv. 1.gr í samræmi við eignarhlut þeirra.

3.gr.

Búi fullvinnandi einstaklingur (eða hjón) inn á heimili ellilífeyrisþega, fellur fasteignaskattur ekki niður.

4.gr.

Sömu reglur gilda um niðurfellingu fasteignaskatts hjá öryrkjum með fulla örorku (75%).

5.gr.

Hafi orðið veruleg breyting á högum umsækjanda er fjármálasviði heimilt að víkja frá skilyrðum 2. og 3. gr. þessara reglna varðandi búsetu í íbúð og viðmiði um tekjumörk.

6.gr.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar veitir Þjóðskrá leyfi til að sækja upplýsingar með öruggum hætti í gegnum vefþjónustu ríkisskattstjóra (RSK) um tekjaskattstofn elli- og örorkulífeyrisþega vegna útreiknings afsláttar þeirra á fasteignaskatti og að gera samning við RSK þar að lútandi.

7.gr.

Útreikningur fasteignaskattsafsláttar á álagningarseðli fasteignagjalda sem gefinn er út í byrjun febrúar miðast við tekjur ársins 2016 til bráðabirgða og tekjuviðmiðun ársins 2017. Afslátturinn er síðan endurskoðaður þegar álagning tekjuskatts ársins 2017 liggur endanlega fyrir í ágúst 2018 og er þá miðað við tekjuviðmiðunina skv.1.

Fjarðabyggð 1. desember 2017



Páll Björgvin Guðmundsson
Bæjarstjórn

Samþykkt í bæjarráði 27. nóvember 2017
Samþykkt í bæjarstjórn 30. nóvember 2018